

Kennsluáætlun

HVERNIG NOTUM VIÐ NETIÐ?

NEMENDAHÓPUR:
10-16 ára**TÍMALENGD:**
40 min - 1 klst.

INNGANGUR

Möguleikarnir sem sköpuðust við það að almenningur fór að nýta sér netið í leik og starfi eru óþrjótandi. Venjulegt fólk hefur því tækifæri til að nýta netið á mjög fjölbreyttan, jákvæðan og skemmtilegan hátt. Það hefur þó sýnt sig að börn og fullorðnir eiga það til að festa við frekar einhæfa notkun á þessum miðli s.s. að festast í leikjum, ákveðnum fréttasíðum eða bara nota tölvupóst. Þetta fer auðvitað af einhverju leiti eftir aldri og áhugasviði einstaklingsins. Það skaðar þó ekki að vita betur hvaða möguleika maður hefur því kannski hefur eitthvað áhugavert farið framhjá manni. Það getur líka verið gott fyrri eina kynslóð að vita um hvað aðrar kynslóðir eru að gera á netinu og hvað þeim finnst vera gagnlegt og skemmtilegt.

MARKMIÐ

- Að nemendur verði meðvitaðir um jákvæða notkun netsins og kynnist fjölbreyttum möguleikum þess.

HVAR OG HVERNIG?

Þetta verkefni er hægt að vinna inni í hefðbundinni skólastofu eða í tölvustofu.

FYRIR KENRARANN

Hér eru nokkrir umræðupunktur sem tengjast verkefni nemenda.

Tónlist: Það er hægt að hlusta á tónlist á netinu. Það er líka hægt að kaupa sér hana og horfa á myndbönd.

Leika: Það er hægt að finna helling af leikjasíðum á netinu og fullt af leikjum.

Tengjast: Maður getur t.d. notað tölvupóst til að tengjast fólki sem maður þekkir en býr kannski langt í burtu.

Uppgötva: Það er mikið af upplýsingum á vefsíðum netsins. Maður getur lært mikið af því að lesa þær upplýsingar sérstaklega ef maður kann að greina hvort upplýsingarnar eru góðar.

Kynnast: Það er hægt að kynnast nýju fólki á netinu t.d. í gegnum sameiginleg áhugamál. Maður verður samt alltaf að passa sig þegar maður er að kynnast fólki sem maður hefur aldrei séð.

Skapa: Það eru margir sem hafa búið sér til sína eigin vefsíðu.

Spjalla: Maður getur spjallað við fólk á netinu bæði á opnum og lokuðum spjallrásum.

VERKEFNI (4-10. BEKKUR)

Nemendur vinna í hópum 2-4 saman og miðla af reynslu sinni hvernig þau hafa nýtt netið og kynna svo það sem kom fram í umræðunum fyrir bekknum. Orðin sem unnið er út frá eru:

Tónlist
Leika
Tengjast
Uppgötva
Kynnast
Skapa
Spjalla

HEIMAVINNA

Nemendur fari heim með orðalistann og ræði við foreldra/forráðamenn og aðra á heimilinu útfrá sömu punktum og skila greinargerð til kennarans.

